

Lausnateymi SMT

Lausnateymi er stuðningsúrræði innan SMT. Þangað geta kennarar leitað þegar þeir eiga í vanda með nemendur ýmist vegna náms- félags- eða hegðunarvanda. Lausnateymið hefur einnig frumkvæði af því að leggja tengslakannanir fyrir alla nemendur skólans og taka saman niðurstöður fyrir umsjónarkennara.

Ef umsjónarkennari hefur hug á að vísa máli til lausnateymis leitar hann ef eftir samþykki foreldra. Á umsóknareyðublaði þarf að tilgreina það sem gert hefur verið til að reyna að ráða bót á vandanum. Eftir að umsókn hefur borist fundar lausnateymi með umsjónarkennara og farið er yfir umsóknina og lausnir ræddar og ákveðið til hvaða úrræða á að grípa. Síðan er skipaður ábyrgðaraðili/ar málsins innan teymisins og samningur gerður við nemanda með samþykki foreldra.

Helstu úrræði teymisins eru:

- Tjékk inn /út (Samtal við nemanda að morgni og við lok skóladags).
- Samningur gerður við nemanda þar sem markmið og leiðir að þeim eru tilgreind.
- Þjálfun í félagsfærni og reiðistjórnun.
- Umbunarkerfi.
- Viðtöl við námsráðgjafa.
- Námslegur stuðningur.
- PMT foreldranámskeið eða meðferð (f.foreldra).

Þegar allir aðilar málsins eru sammála um að markmiði/um sé náð er nemandi útskrifaður úr umsjón lausnateymis. Ef ekkert virkar þrátt fyrir ofangreindar aðferðir þá er nemandi vísað í sérfræðipjónustu á vegum fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar eða hugað að öðrum úrræðum.

Í lausnateymi skólaárið 2014-2015 sitja eftirtaldir aðilar:

Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri

Jóhanna Jessen sérkennari

Rannveig Heimisdóttir sérkennari

Þóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri

Þuríður Hallgrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Lausnateymið fundar einu sinni í viku og skráir fundagerðir á samgagnavef skólans.